



**102. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar
þriðjudaginn 29. apríl 2014, kl. 16:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv.
undirskriftum.**

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar SSNV frá 26. febrúar 2014
 - b) Stjórnar SSNV frá 3. mars 2014
 - c) Stjórnar SSNV frá 8. apríl 2014
 - d) Skólanefndar Fjölbautarskóla NV frá 18. mars 2014
 - e) Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga frá 21. mars 2014
 - f) Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 28. mars 2014
 - g) Stjórnar Róta bs. frá 21. febrúar 2014
 - h) Stjórnar Róta bs. frá 27. febrúar 2014
 2. Bréf frá Stjórn Róta bs. frá 27. mars 2014
 3. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 14. apríl 2014
 4. Bréf frá Oddnýju Maríu Gunnarsdóttur frá 15. apríl 2014
 5. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 31. mars 2014
 6. Erindi vegna viðhalds og lagningu reiðvega á Blönduósi dags. 21. mars 2014
 7. Fundarboð - Aðalfundur Ámundakinnar ehf.
 8. Fundarboð – Aðalfundur Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi
 9. Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu frá 15. apríl 2014
 10. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) **Stjórnar SSNV frá 26. febrúar 2014**
Lögð fram til kynningar
 - b) **Stjórnar SSNV frá 3. mars 2014**
Lögð fram til kynningar



c) Stjórnar SSNV frá 8. apríl 2014

Lögð fram til kynningar

d) Skólanefndar Fjölbautarskóla NV frá 18. mars 2014

Lögð fram til kynningar

e) Stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga frá 21. mars 2014

Lögð fram til kynningar

f) Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 28. mars 2014

Lögð fram til kynningar

g) Stjórnar Róta bs. frá 21. febrúar 2014

Lögð fram til kynningar

h) Stjórnar Róta bs. frá 27. febrúar 2014

Lögð fram til kynningar

2. Bréf frá Stjórn Róta bs. frá 27. mars 2014

Þjónustusamningur sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks skv. 3. gr. samþykkt fyrir byggðasamlagið Rætur bs. Þjónustusamningurinn lýsir útfærslu þjónustunnar, fjárhagslegri og faglegri umgjörð hennar. Ósakð er eftir að þau sveitarfélög sem standa að byggðasamlaginu Rætur bs., staðfesti samninginn.

Bæjarráð samþykkti þjónustusamninginn samhljóða.

3. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 14. apríl 2014

Undanfarin tvö ár hefur ríkið ekki tekið þátt í kostnaði sveitarfélaga við refaaveiðar. Nú verður breyting á því, þar sem á fjárlögum hefur verið varið varið 30 milljónum á ári í verkefnið til næstu þriggja ára. Forsenda þess er að gerðir verða samningar við sveitarfélögin um endurgreiðslur sem munu nema allt að þriðjungu kostnaðar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra og landbúnaðarnefnd að fara yfir gögnin, útbúa áætlun 2014-2016 og senda til Umhverfisstofnunar.

4. Bréf frá Oddnýju Maríu Gunnarsdóttur frá 15. apríl 2014

Bréf Oddnýjar M. Gunnarsdóttur bæjarfulltrúa Blönduósbaejar kynnt þar sem hún vekur athygli á samskiptum sínum við stjórn SSNV vegna fyrirspurnar hennar um stjórnsýslu SSNV ofl.

Undir þessum lið er kynnt bréf frá stjórn SSNV dagsett 10. apríl 2014, þar sem gerð er grein fyrir þróunarverkefninu NORCE sem leitt var af Atvinnuþróunarfélagi Norðurlands vestra (ANVEST) á árunum 2004-2009 og hvernig gerð verður grein fyrir því uppgjöri og tekjufærslum við gerð ársreiknings SSNV fyrir árið 2013. Jafnframt var kynnt bréf frá formanni SSNV dags. 16. apríl 2014.



Bæjarráð leggur áherslu á að stjórn SSNV hraði eins og unnt er greinargerð um atriði er varða ofangreint uppgjör og hún kynnt sveitarstjórnnum.

5. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi frá 31. mars 2014

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Bjarna Pálssonar, kt. 120647-2379, Brekkubýggð 24, 540 Blönduósi, um leyfi til að reka gististað (heimagisting) í flokki I, að Aðalgötu 10 (Tilraun), 540 Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

6. Erindi vegna viðhalds og lagningu reiðvega á Blönduósi dags. 21. mars 2014

Hestamannafélagið Neisti óskar eftir styrk vegna viðhalds og lagningu reiðvega á Blönduósi. Sótt er um 1. mkr. styrk í viðhald og lagningu reiðvega á árinu 2014.

Bæjarráð samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 200.000. Samþykkt sem viðauki við fjárhagsáætlun 2014 (rekstrarliður 0684-9919). Tekið af eigin fé.

Reiðveganefnd skal bent á að styrkumsóknir er að öllu jöfnu afgreiddar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

7. Fundarboð - Aðalfundur Ámundakinnar ehf.

Aðalfundur Ámundakinnar ehf. verður haldinn í húsnæði félagsins á Húnabraut 4, Blönduósi 29. apríl 2014.

Bæjarráð tilnefnir Kára Kárasón til að fara með atkvæði Blönduósbæjar á fundinum.

8. Fundarboð – Aðalfundur Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi

Aðalfundur Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi, verður haldinn laugardaginn 3. maí kl. 13:00 í Safnaðarheimilinu Sauðárkróki.

Bæjarráð tilnefnir Jón Aðalstein Sæbjörnsson, til að fara með atkvæði Blönduósbæjar á fundinum.

9. Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu frá 15. apríl 2014

Á grundvelli tillagna stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra samþykkt að veita Blönduósbæ styrk að upphæð 4.085.000 kr. vegna verkefnisins „Fuglaskoðun á Einarsnesi í Blönduósbæ“.



Bæjarráð fagnar þessari styrkveitingu. Blönduósbaer ráðstafaði 3 m.kr. í fjárhagsáætlun fyrir 2014 og mun styrkveitingin koma sér vel við að fullklára byggingu hússins og framkvæmdum á lóð á Einarsnesi.

Lagt fram til kynningar.

10. Önnur mál

a. Framkvæmdir við Aðalgötu (Sýslumannsbrekkan)

Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar, mætti á fundinn og gerði grein fyrir framkvæmda- og kostnaðaráætlun á Aðalgötu (Sýslumannsbrekkan).

Bæjarráð felur tæknideild að útbúa útboðgögn fyrir jarðvegsskipti og lögnum á Aðalgötunni (Sýslumannsbrekkan).

b. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðabók

Fundi slitið 18:40

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)
Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)